

svæði til sérstakra nota. Opið svæði óbyggt við Austurveg verður svæði fyrir íbúðir. Opið svæði til sérstakra nota og opið svæði óbyggt verður svæði fyrir sumar-/orlofshús.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Hríseyjarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um hættumat fyrir Seyðisfjörð.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 5. júlí 2002 staðfest tillögur hættumatsnefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar að hættumati fyrir Seyðisfjörð.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættumats og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 5. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002 - 2014.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfissráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest aðalskipulag Húnaþings vestra 2002-2014.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Ytri-Torfu-
staðahrepps 1996-2016, aðalskipulag Hvammstanga 1992-2012 og aðalskipulag að Reykjum við Hrutafjörð 1994-2014.

Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.